



„Nostalgúa“, myndverk eftir Ólaf Lárusson. Hjá því stendur hnátan Friðrika Jakobsdóttir sem er níu ára og frá Akranesi.  
DV-myndir Gunnar V. Andr sson.

gengið í mörg ár, kannski allt of mörg ár. Það eru til listamenn sem hafa verið að vinna í því í nokkra áratugi þannig að aldur þessa listforms er orðinn nokkur. Jú, vissulega má segja að nýja málverkið sé að verða gamalt. Þróunin er einfaldlega svo ör, nota bene; hjá listamönnum, síður hjá sumum áhorfendanna sem eru ennþá feimnir við nýja málverkið og verða eflaust framvegis.

Nýja málverkið var sprengja síns tíma sem ógráði öllum gömlu lögmálunum í myndlist. Það æsti upp í liðinu og gerði það að sumu leyti ringlað. Fólk horfði á yfirborð hlutanna og spurði; er þetta nú list, en nennti aldrei að kíkja undir og sjá tilganginn ellegar þá þörf sem var að baki því að listamaðurinn lagði út í svona túlkun. Fólk nennti ekki að skilja, nýja málverkið var ekki mótun, heldur nokkuð sem þurfti að grúska í og þæla svo einhver von væri um skilning. Fólk nennti ekki að þæla og nennir sennilega ekki en...“

**Leiðin frá nýja málverkinu**  
— Hvað tekur við af nýja málverkinu?

—SER

„Af andrúmsloftinu má ráða að fram fari einhvers konar gerjun og leit um nokkurn tíma í myndlistinni. Hugsanlega tekur við eitthvert rómantískt og ljóðrænt tímabil, svona svipað og gerðist eftir expressjónismann þar sem liturinn fékk uppreisn æru með látum en þróaðist svo út í hljóðari tóna, hægari og mildari litameðferð. Þetta kemur kannski.

En svo hlýtur tæknin að láta á sér kræla í myndlistinni í framtíðinni. Og þar eigum við við örtölvutæknina. Í sjónmáli er ákaflega skemmtileg og spennandi tækni þar sem fer svokallaður kristalskermur. Þar er um fljóandi kristal að ræða á ákveðnum fleti sem í eru punktar og línur. Þegar svo veitt er spennu á skerminn, mismikilli, koma fram hverslags litatónar sem gerandinn vill framkalla.

Af þessu sést að framtíðin er spennandi í myndlist engu síður enn annarsstaðar. En hver hún verður nákvæmlega er ógerningur um að segja,“ eru lokaorð myndlistarmannanna þriggja Þórs Elís, Ólafs Lár., og Jóns Arnar.



„Ég hugsa heim“ vill listamaðurinn Finnþogi Pétursson meina með þessu verki sínu.

# Hyggjið að framtíðinni

og sparið með því fé og tíma (sem enginn á of mikið af).



Lítið tímanlega á tréverkið á húsinu. GORI 88 fúavarnarefni fyrir íslenska veðráttu. Endist ótrúlega lengi er létt að bera á og slettist hvorki né drýpur. GORI 88 má nota yfir hvaða fúavörn sem fyrir er. Ef þið viljið prófa nýja liti í ár, þá er t.d. hægt að fá ljósari liti í stað þeirra dökku sem fyrir eru.

 / GORI®